

NYTT

HELGAFELL

Steinn Steinarr: Kvæði

Þórbergur Þórðarson: Jarpur

Hannes Pétursson: Kvæði

Kristján Eldjárn: Íslands þúsund ár

Stjórnámálaleiðtogar ræða utanríkisstefnu
Íslendinga

Koestler: Um pólitíska sálsýki

Þættir — Bókmenntir —

Myndlist — Leiklist — Tónlist

JÚNÍ 1956

2. hefti

1. árg.

MYNDLIST

EFTIR KJARVALS- og Ásgrímssýningarnar í vetur, sem meiri hluti bæjarbúa sótti og margir aftur og aftur, hefir verið fremur lítið um að vera á listasöfnum bæjarins, eða aðeins tvær sýningar, þeirra Valtýs Péturssonar og Veturliða Gunnarssonar, auk sýningar á danskri myndlist í Listasafninu í sambandi við komu konungshjónanna.

Sýningar þeirra Valtýs og Veturliða vöktu athygli, einkum sýning Veturliða, en þar seldust tugir mynda. Myndir Valtýs voru að vanda allar óhlutlægar, en sýningin var mjög fjölbreytt og skemmtileg. Valtýr Pétursson er gáfaður og alvarlegur listamaður, en mjög leitandi og óráðinn enn. Svipað má

að því leyti segja um Veturliða, að hann hefir ekki fundið form, sem svara til hinnar furðulegu sköpunargleði og ríku þarfar til mikilla átaka, sem þessi sérkennlegi maður virðist hlaðinn.

Frá útlöndum bárust fréttir af ísl. listamönnum, sem getið hafa sér góðan orðstír. Guðm. Guðmundsson, ungur málari, hlaut mikla viðurkenningu í Róm fyrir verk sín, og ung listakona, Ásgerður Ester Búadóttir, hlaut gullpening fyrir ofið veggteppi og fleiri verk. Er það mikill heiður, þar sem þarna voru sýnd verk eftir mörg þúsund listamenn frá flestum löndum Evrópu.

R. J.

Rabb við Gunnlaug Scheving

Ég lagði að gamni mínu nokkrar spurningar fyrir Gunnlaug Scheving einn daginn, þegar við sátum yfir kaffibolla, og fara þrjár þeirra hér á eftir ásamt svörum hans. Eins og spurningarnar bera með sér, var engan veginn til þess ætlaðt, að þetta yrði formlegt eða samfellt viðtal, og því hefir Gunnlaugur ekki heldur svarað þeim alls staðar orði til orðs. En svörin eru svo blátt áfróm, að ég tel víst, að lesendum muni þykja fengur í að heyra þau, jafnvel fremur en margar bóklegar kennisetningar um list.

R. J.

I. SPURNING. — Þér finnst eflaust dálítið barnalegt, að leggja þá spurningu fyrir listmálara, hvort hann hafi gert sér grein fyrir því, hvernig ákveðið tímabil markast í list-sögunni, og ástæðum fyrir því að list virðist stundum allt í einu verða að meira eða minna leyti áhrifalaus, og hættir að gleðja fólk eða koma við hjartað í því og gera líf þess ríkara og fyllra?

SVAR. — Sumir listamenn gera sér eflaust grein fyrir hvernig slík tímamót markast, aðrir gera það líklega ekkert sérstaklega.

Hvað viðkemur áhrifaríkum eða áhrifalausum köflum í menningar- og listsögu þjóðanna yfirleitt, álít ég að það sé ekki listin ein, sem ræður úrslitum í þeim efnum, heldur líka smekkur hverrar einstakrar kynslóðar.

Verk listamannsins breytist ekki með tíð og tíma, en smekkur fólksins, sem svo er kallað, breytist sífellt. Sú list, sem þótti leiðinleg fyrir hundrað árum, er skemmtileg í dag. Það, sem er áhrifalaust í dag, getur orðið hrífandi á morgun.

II. SPURNING. — Verður ekki öll list fyrr eða síðar úrelt og dauð eins og önnur mannanna verk.

SVAR. — Hvað er móðins núna þessi árin í myndlist? Auðvitað svo margt, og þar á meðal eru myndir sem sagt er, að séu þær elztu er fundið hafa, málverk gerð af frumstæðu fólki sem bjó í hellum og þekkti ekki hús. Ef til vill verða þessar myndir gamaldags á næstunni — heltast úr lestinni, líkt og á sér stað nú um ýmsa listamenn, sem